

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2023/2140**

2024/EES/34/76

frá 6. október 2023

**um að veita heitinu „Terres du Midi“ (VLM) vernd skv. 99. gr. reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007<sup>(1)</sup>, einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Í samræmi við 2. og 4. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Frakkland sendi um skráningu heitisins „Terres du Midi“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*<sup>(2)</sup>.
- Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.
- Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Terres du Midi“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.
- Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitinu „Terres du Midi“ (VLM) er hér með veitt vernd.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. október 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2023/2140, 13.10.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2024 frá 15. mars 2024 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

(2) Stjtið. ESB C 202, 9.6.2023, bls. 76.